

VISS, vinnu og hæfingarstöð í Þorlákshöfn leitar eftir leiðbeinanda

VISS, vinnu og hæfingarstöð óskar eftir að ráða leiðbeinanda í 55%, starfshlutfall frá 1. nóv. 2023. VISS er vinnustaður fyrir fólk með skerta starfsgetu þar sem lagt er upp með að styðja og efla starfsmenn í vinnu og virkni.

Hjá VISS er unnið eftir hugmyndafræðinni „Þjónandi leiðsögn“ og „Sjálfstætt líf“. Leiðbeinandinn mun vinna samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 auk tengdra reglugerða.

Meginverkefni:

- Veita stuðning, einstaklingsmiðaða og sveigjanlega þjónustu
- Umsjón verkefna starfsstöðvarinnar
- Veita persónulega aðstoð við athafnir daglegs lífs
- Skipuleggja og forgangsraða störfum sínum í samráði við yfirmann

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynslu af starfi með fötluðu fólki
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og góð þjónustulund
- Almenn tölvukunnátta
- Óskað eftir framvísun sakarvottorðs

Umsóknarfrestur er til 10. október 2023. Laun eru skv. kjarasamningi FOSS og launanefndar sveitarfélaga. Sækja skal um starfið á vef Ölfuss www.olfus.is

Nánari upplýsingar veitir Anna Sigríður Karlsdóttir deildarstjóri, anna.karlsdottir@olfus.is og Eyrún Hafþórsdóttir deildarstjóri velferðarþjónustu.